

Föstudaginn 13. maí 1983.

Nr. 177/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Trausta Tómassyni

(Örn Clausen hrl.).

Sýknað af ákæru um fjársvik. Brot gegn áfengislögum. Sakarkostnaður. Skaðabótakröfum vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 6. ágúst 1982. Ágrip barst Hæstarétti 6. desember 1982.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó svo, að refsing verði þyngd og að ákærði verði dæmdur til að greiða Guðmundi Lárussyni 762.30 nýkrónur og Skafta Einari Guðjónssyni 10.000.00 nýkrónur.

Verjandi krefst sýknu af refsikröfum ákærvalds, til vara lægstu refsingar, er lög leyfa. Þá er krafist sýknu af fébótakröfu vegna brots þess á rúðu lögreglubifreiðar, er greinir í málinu, en varðandi aðrar fébótakröfur er krafist frávísunar þeirra frá héraðsdómi. Enn fremur krefst verjandi þess, að allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarslaun sín hér fyrir dómi.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða á grundvelli tveggja ákæruskjala, sem samneinuð voru í héraði í eitt mál.

I.

Ákæra 1. júní 1981.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara vegna brota þeirra, sem ákærða er gefið að sök í þessu ákæruskjali. Varðar atferli ákærða við 21. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, 5. gr.

II.

Ákæra 16. júní 1981.

Viðskiptum þeim með hross, sem þetta ákæruskjal lýtur að, er lýst í héraðsdómi.

Gögn máls um aðdraganda að hestakaupum og um það, hvernig samningsgerð fór fram, benda fremur til þess, að Skafti Einar Guðjónsson, en ekki ákærði, hafi keypt hrossin, og eru gögn þessi þó ekki óyggjandi. Sannað er, að ákærði greindi seljandanum frá því, þegar eftir að samningur komst á og þar sem þeir voru staddir á vettvangi, að hann, en eigi Skafti Einar, væri raunverulega kaupandinn. Fylgdi hann því eftir sama dag, er hann bauð seljandanum að greiða umsamið kaupverð. Veitti seljandinn kaupverðinu viðtöku og gaf ákærða afsal fyrir hrossunum. Varhugavert þykir að hafna þeirri fullyrðingu ákærða, að hann hafi talið sig kaupanda hrossanna. Verður því eigi talið sannað, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974, að ákærði hafi beitt sækjandann, sem stóð sjálfur að samingsgerðinni og hafði tök á að meta, hver gagnaðili hans væri, vísvitandi blekkingum í því skyni að fá hann til að afsala sér hrossunum. Ber því að sýkna ákærða af refsikröfum ákæruvalds samkvæmt ákæruskjali 16. júní 1981.

III.

Refsing og fébætur.

Refsing ákærða vegna brota þeirra, sem hann er sakfelldur fyrir í I hér að framan, þykir með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og vegna þeirrar áreitni við vegfarendur, sem hann hafði í frammi, hæfilega ákveðin 1.000.00 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 2 daga varðhald í stað hennar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

2. Ákærði hafði verið settur í handjárn og færður í lögreglubifreið, er hann „náði. . . að brjóta hliðarrúðuna vinstra megin með því að sparka í hana“, svo sem segir í lögregluskýrslu 7. apríl 1980 út af atburði þessum. Atvik að rúðubrotinu eru engan veginn skýr. Þegar af þessari ástæðu verður að vísa bótakröfu þessari frá héraðsdómi.

3. Fébótakrafa Guðmundar Lárussonar er eigi skýrlega sett fram, og eigi er hún studd gögnum. Ber því að vísa henni frá héraðsdómi.

4. Eigi verður dæmt um fébótakröfu Skafta Einars Guðjónssonar í máli þessu, sbr. 146. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974, og er henni vísað frá héraðsdómi.

Dæma ber ákærða með vísan til 141., sbr. 140. gr. laga nr. 74/1974 til að greiða þriðjung alls kostnaðar við rekstur máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir hlutur ákærða af saksóknarlaunum ríkissjóð hæfilega ákveðinn 2.000.00 krónur, og hlutur hans í málsvarnarlaunum skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti er ákveðinn 2.000.00 krónur. Ríkissjóður greiði tvo þriðju hluta alls sakarkostnaðar, þar með taldir tveir þriðju hlutar af málsvarnarlaunum verjanda fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Það athugast, að lögreglmenn þeir, er handtóku ákærða 7. apríl 1980, gáfu ekki skýrslur í dómi.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Trausti Tómasson, greiði 1.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærði er sýkn af þeirri refsikröfu ákæruvalds, er að framan greinir.

Fébótakröfum lögreglunnar í Hafnarfirði, Guðmundar Lárussonar og Skafta Einars Guðjónssonar er vísað frá héraðsdómi.

Ákærði greiði þriðjung alls kostnaðar við rekstur máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti, þ. á m. greiði hann sinn hluta af saksóknarlaunum í ríkissjóð, og er hann ákveðinn 2.000.00 krónur, svo og sinn hluta af málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, og er sá hlutur ákveðinn 2.000.00 krónur.

Ríkissjóður greiði tvo þriðju hluta alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal 4.000.00 krónur til skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Um þetta ákæruatriði, sem greinir í ákæru 1. júní 1981, er ég sammála meiri hluta dómenda.

Um ákæru 16. júní 1981 er þetta að segja:

Af gögnum málsins er ljóst, að maður að nafni Skafti Einar Guðjónsson hafi undirbúið fund 15. mars 1981 með manni, sem Hákon Birgir Sigurjónsson heitir. Hugðust þeir ræða um kaup á hestum, sem Hákon vildi selja. Ákærði fór með Skafta til fundarins. Rætt var um hestakaupin. Náðu þeir Skafti og Hákon samkomulagi um þau, og fór fram handsal. Þar með var Skafti orðinn eigandi hestanna, og varð samningi þeirra Hákonar ekki rift síðar af seljanda, svo að skuldbindandi væri fyrir Skafta. Orð, sem fram er komið, að ákærði mælti einslega við Hákon, áður en þeir Skafti fóru, skipta engu að lögum. Skafti fól ákærða hestana til geymslu, en síðar þennan sama dag fór ákærði og greiddi úr eigin vasa kaupverð hestanna og fékk afsal frá Hákon.

Sem fyrr segir var Skafti Einar Guðjónsson orðinn eignadi hestanna, þegar Hákon Birgir Sigurjónsson gaf ákærða skriflegt afsal fyrir þeim. Var sá gerningur kaupfox og batt Skafta ekki að lögum, sbr. 14. kap. kaupabálks Jónsbókar.

Þegar framanskráð er virt, tel ég, að ákærði hafi gerst sekur um tilraun til svika og því brotið 248., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því atferli, sem frá greinir í ákæru 16. júní 1981. Ég tel, að 261. gr. laganna eigi ekki við, þar sem ákærði vildi eignast margumrædda hesta fyrir verð, sem ljóslega var mjög hagstætt. Beindust athafnir ákærða að því að hagnýta sér rangar hugmyndir Hákonar Birgis Sigurjónssonar um það, hver hefði keypt hesta hans, til að auðgast á kostnað Skafta Einars Guðjónssonar.

Þegar framanskráð er virt, er ég sammála héraðsdómara um ákvörðun refsingar. Ég er sammála meiri hluta dómenda um að vísa verði fébótakröfu lögreglunnar í Hafnarfirði og Guðmundar Lárussonar frá héraðsdómi. Hins vegar tel ég, að staðfesta beri ákvæði hins áfrýjaða dóms um bætur til Skafta Einars Guðjónssonar og um sakarkostnað. Þá ber að mínu áliti að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. júní 1982.

Ár 1982, mánudaginn 28. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 234/1982: Ákærvaldið gegn Trausta Tómasyni, sem tekið var til dóms þ. 14. júní sl.

Málið er höfðað með 2 ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 1. júní 1981 og 16. júní 1981, á hendur ákærða, „Trausta Tómassyni bifreiðarstjóra, Vesturbergi 147, Reykjavík, fæddum 31. maí 1939 að Reynifelli, Rangárvallahreppi.“

Með ákærinni, dagsettri 1. júní 1981, er málið höfðað á hendur ákærða, „fyrir að vera tvisvar í aprílmánuði 1980 ölvaður og til óþæginda á almannafæri, þ. e. mánudaginn 7. apríl á Kaldárselsvegi skammt ofan við kirkjugarðinn í Hafnarfirði, þar sem fólk varð fyrir áreitni ákærða, sem síðan var handtekinn af lögreglu, og sparkaði hann þá utan lögreglubifreiðina G 4442 og braut í henni hliðarrúðu vinstra megin, einnig fimmtudaginn 24. apríl á sömu slóðum, en þá grýtti ákærði bifreiðina R 63043 og olli skemmdum á hægri afturhurð hennar.

Telst þetta varða við 21. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Með ákærinni, dagsettri 16. júní 1981, er málið höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa sunnudagskvöldið 15. mars 1981 með sviksamlegum hætti gengið inn í kaup á þremur hestur, sem Skafti Einar Guðjónsson, Hjaltabakka 28, Reykjavík, hafði þá fyrr um daginn, að ákærða viðstöddum, samið um kaup á af Hákonni Birgi Sigurjónssyni, Haukshólum 6, Reykjavík, með því að hafa um kvöldið farið á fund Hákonar Birgis og talið honum ranglega trú um, að Skafti Einar hafi í raun eigi verið að kaupa hestana sjálfur, heldur fyrir ákærða, og þannig fengið Hákon Birgi til að undirrita afsal til ákærða fyrir hestunum, jafnframt sem ákærði greiddi Hákonni Birgi umsamið söluverð hestanna. Ákærði tók síðan hestana í vörslur sínar og hafði selt einn þeirra, þegar rannsókn málsins hófst og lögreglan hugðist taka hestana í sínar vörslur.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 248. gr., sbr. 261. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Dómarinn hefur sameinað mál þessi.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

I.

Mánudaginn 7. apríl 1980, um kl. 1630, veittu lögreglumenn í Hafnarfirði athygli ákærða, sem virtist talsvert ölvaður, og var hann að áreita fólk á Kaldárselsvegi. Höfðu lögreglumenn tal af ákærða, sem brást illur við og réðst að þeim. Var ákærði þá handjárnaður og settur inn í lögreglubifreiðina G 4442, þar sem hann braut hliðarrúðu vinstra megin með því að sparka í hana.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunar í Hafnarfirði daginn eftir. Ákærði kvaðst ekki muna eftir atvikum sökum ölvunar.

Lögreglan í Hafnarfirði hefur gert skaðabótakröfu á hendur ákærða vegna rúðubrotsins, að fjárhæð kr. 272.95.

Samkvæmt skýrslu lögreglumanna er sannað, að ákærði hafi með atferli sínu gerst sekur um brot gegn 21. gr. áfengisлага. Bótakrafa lögreglunnar veður tekin til greina.

II.

Fimmtudaginn 24. apríl 1980 kom á lögreglustöðina í Hafnarfirði Guðmundur Lárusson, Réttarholtsvegi 73, Reykjavík, og kvað hann ölvaðan hestamann hafa veist að sér skömmu fyrir kl. 1400 við kirkjugarðinn við Reykjanesbraut. Kvað hann manninn hafa grýtt bifreiðina R 63043, og var dæld í hægri afturhurð hennar. Kvaðst Guðmundur halda, að maður þessi hétí Trausti.

Ákærði var kvaddur til skýrslugjafar af þessu tilefni hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þ. 13. febrúar 1981. Ákærði neitaði því að hafa verið ölvaður við kirkjugarðinn umræddan dag og kannaðist ekki við að hafa grýtt bíl þar.

Vitnið Kristinn Guðmundsson gaf skýrslu há rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þ. 27. febrúar 1981. Vitnið kom ekki fyrir dóm. Vitnið kvaðst hafa verið í bifreið Guðmundar Lárussonar, er ölvaður maður kom gangandi á akbrautina á móti bifreiðinni, og sló hann öðrum hnefanum í húddið. Gaf Guðmundur þá hljóðmerki og hafi þá maðurinn slegið í húddið með hestasvipu. Hafi Guðmundur þá farið út og ýtt við manningum, sem þá hafi tekið grjót og kastað í hægri afturhurð bifreiðarinnar. Hafi meður þessi síðan farið inn í aðra bifreið.

Vitnið Albert Þorsteinsson gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þ. 3. mars og 10. apríl 1981 og kom fyrir dóm þ. 17. maí sl. Vitnið kvaðst hafa séð, er ölvaður maður kastaði grjóti í bifreið, og kvað hann mann þennan síðan hafa komið inn í bifreið vitnisins og skipað því að aka af stað. Vitnið kvaðst hafa ekið manningum að Arnarhrauni 3. Vitnið hefur við sakbendingu með ljósmyndum bent á mynd ákærða og talið hann vera þann mann, sem kastaði grjóti í bifreiðina.

Vitnið Guðmundur Lárusson kom fyrir dóm þ. 17. maí sl. Fyrir dómi benti vitnið á mynd ákærða og taldi hann vera þann mann, sem kastaði grjóti í bifreiðina.

Ekki hefur borist rökstudd og sundurliðuð bótakrafa frá Guðmundi Lárussyni.

Með framburðum vitna í máli þessu telst sannað, að það hafi verið ákærði, sem var mjög ölvaður við kirkjugarðinn við Reykjanesbraut og grýtti bifreiðina R 63043. Varðar brot ákærða við 21. gr. áfengislaga.

III.

19. mars 1981 kom Skafti Einar Guðjónsson, Hjaltabakka 28, á skrifstofu RLR og kærði eftirfarandi: „Við Trausti Tómasson, Vesturbergi 147, Rvk., og ég leigjum saman hesthús í Hátúni við Norðlingabraut. Þarna hefi ég fjóra hesta, sem ég á, og auk þess hefi ég einn á fóðrum. Trausti hefur staðið mikið í hestabraski og þá haft inni í þessu húsi fyrir hesta þá, er hann hefur verið að braska með.

Sl. sunnudagsmorgun fór ég heim til Trausta, og fórum við saman í hesthús Hákonar Sigurjónssonar, rannsóknarlögreglumanns, en húsið er á mótum Reykjanesbrautar og Smiðjuvegar. Ég hafði mælt mér mót við Hákon á þessum tiltekna stað og tíma til þess að eiga við hann hestakaup. Ástæðan fyrir því, að Trausti var með mér, var sú, að ég var undir áhrifum áfengis, og ók Trausti mér á bíl sínum, en hann ekur sendibíl frá Sendibílastöðinni h.f., og því erum við vinnufélagar.

Það gekk saman með okkur Hákon, og hann handselur mér þrjá hesta, hnakk og tvö beisli. Formlega átti að ganga frá kaupunum á mánudagskvöldið. Umsamið kaupverð var kr. 8.000.00. Hestana og reiðtygin settum við í bíl Trausta og ókum því í hesthús það, er við höfum á leigu.

Engin vitni urðu að þessum viðskiptum okkar nema Trausti. Ég taldi mig hafa gert þarna góð kaup.

Í framhaldi af þessu og eftir að hafa gengið frá hestunum ók Trausti mér heim.

Það er svo seinnipart mánudagsins, þegar ég var að gefa hestunum, þá tók ég eftir, að reiðtygi þau, er ég hafði keypt af Hákon, voru horfin úr hesthúsinu. Þar sem hesthúsið er læst, datt mér strax í hug, að Trausti hefði tekið reiðtygin.

Ég hringdi í Hákon, og sagði hann mér þá, að Trausti hefði komið til sín og sagt að við (Trausti og ég) værum saman í þessum kaupum og að hann (Trausti) hafi greitt honum umsamið verð, eða kr. 8.000.00 (kr. 6.000.00 í tékka og kr. 2.000.00 í reiðufé).

Eiginkona mín vinnur sem afgreiðslustúlka á Sendibílastöðinni h.f., og reyndi hún strax á þriðjudagsmorguninn að ná til Trausta, en hann fór

undan í flæmingi. Margítreað reyndi hún að ná til hans. Það er svo á þriðjudagskvöldið rétt fyrir miðnætti, að konan mín náði tali af Trausta, þar sem hann sat í bíl sínum fyrir utan heimili sitt. Þarna kvaðst Trausti ákveðið eiga hestana og hafa keypt þá handa sér. Konan hringdi heim til Trausta, en þá skellti hann á.

Á miðvikudagsmorguninn fór ég upp í hesthús og sá þá, að einn af þremur hestunum, sem ég hafði keypt af Hákon, var horfinn.

Það var á þriðjudagskvöldið, að eiginkona mín fór til Hákonar og greiddi honum umsamið kaupverð að fullu, en fékk tékkann, sem stílaður var á Trausta og framseldur af honum.

Tékkinn er nr. 4668358 við Samvinnubankann í Keflavík, hún fékk og peningana.“

Vitnið Skafti Einar Guðjónsson kom fyrir dóm þ. 17. maí sl. og staðfesti ofangreindan framburð sinn.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins þ. 20. mars 1981 og skýrði þannig frá: „Það var mánudag-þriðjudag í s.l. viku, að Skafti kom til mín og sagði mér, að kunningi hans, sem hétu Hjörleifur, hefði bedið hann að selja hesta fyrir mann, sem væri með Hjörleifi í hesthúsi, og að eigandi hestanna væri Hákon Sigurjónsson og hann væri að hætta í hestamenskunni og „vildi selja allt draslið“, en Hákon hefði heyrt talað um mann í Hátúni, sem verslaði mikið með hesta, en sá maður var ég, Hjörleifur hafði sagt, að hann þekkti mann í Hátúninu, sem væri með nokkra hesta og hétu Skafti Guðjónsson. Hjörleifur, að mér skildist, frekar en Hákon eða annarhvor þeirra hafði bedið Skafta um að koma sér í samband við mig. Síðan vísaði Skafti tveimur öðrum mönnum í Hátúni á hestana. Annar heitir Þröstur Gunnarsson og félagi hans, sem heitir Einar, og sagði þeim það sama og mér, að hestarnir myndu fást fyrir slíkk. Síðan skeði það, að ég fór og skoðaði hestana, þar sem þeir voru úti við húsið í Blesugróf-inni, þar sem Hjörleifur og Hákon eru með kofa fyrir hesta. Það var mikið að gera hjá mér, og ég hafði hugsað mér að gera út um hestakaupin um s.l. helgi og tala við eigandann. Síðan lenti ég út úr bænum á laugardaginn og var þá búinn að ákveða að athuga með hestana fyrir hádegi næsta dag, eða á sunnudeginum. Um það leyti sem ég ætlaði að fara að vinna að þessu máli, kom Skafti dauðadrukinn til mín, og til að losna við hann sem fyrst sagði ég, að hann skyldi koma með mér, því nú ætlaði ég að fara að sækja hestana, en hann vildi vera eftir í húsinu hjá mér, en konan mín, Jóhanna Guðrún, bað mig um að taka hann með. Ég leitaði að símanúmeri hjá Hjörleifi, hringdi í hann og lét Skafta tala við hann og þá gaf Hjörleifur okkur upp símanúmerið hjá Hákon, og ég hringdi í hann, og hann lofaði að hafa

hestana tilbúna kl. 09.30. Síðan ók ég inn í Blesugróf að hesthúsinu og Skafti með mér, en á leiðinni er Skafti alltaf að tönnlast á því, að hann skuli láta mig gera góð kaup og prúttu fyrir mig. Ég sagði honum, að hann þyrfti þess ekki, því ég væri vanur að versla með hesta og þyrfti ekki hans aðstoð. Þegar við komum þarna, voru hestarnir úti og Hákon viðstaddur, en þetta voru þrír hestar, sem ég ætlaði að kaupa, þó fleiri væru þarna. Ég fór til Hákonar, og hann spurði, hvort ég væri Skafti, sem ég sagði ekki vera og sagði honum, hver ég væri og benti honum á, að Skafti kæmi þarna gangandi á eftir mér blindullur. Þá sagði Hákon: „Ég sel þessum manni ekki neina hesta“. Ég sagði þá, að það gerði ekkert til, því ég væri að kaupa hestana, og það væri eins gott, því Skafti borgaði aldrei neitt. Síðan fór ég í að handsama hestana, sem voru ljónstyggir, og náði þeim. Það var rætt um verð á þeim, og Skafti prúttaði fyrir mig, og þegar búíð var að ákveða kaupverðið með prúttinu, voru hestarnir settir inn í bíl hjá mér, en Skafti gat ekki hjálpað okkur Hákonni við það. Ég sagði við Hákon „þú veist, að ég er að kaupa hestana, en ekki Skafti“. Þar sem hestarnir áttu að staðgreiðast, kom það aldrei til greina, að Skafti gæti keypt þá. Þá var ákveðið þarna, að ég greiddi hestana um eftirmiðdaginn þennan sama dag, og ég fór því með hestana. Einnig fylgdu með í þessum kaupum tvö beisli og einn hnakkur. Síðan fór ég með hestana í Hátúnið, og Skafti var með mér, en á leiðinni er Skafti alltaf að tala um það, að hann eigi að fá hnakkinn fyrir að útvega mér hestana, sem umboðslaun. Ég sagði honum, að það kæmi ekki til greina, en þá varð hann vondur, en ég man ekki, hvernig hann orðaði það, en það var eitthvað á þá leið, að hann ætlaði þá bara að kaupa hestana sjálfur, svo ég setti hestana inn og flýtti mér með Skafta heim til hans. Eftir hádegisdaginn þennan hringdi ég heim til Hákonar, frú hans kom í símann, og ég sagði henni, hver ég væri, og spurði eftir Hákonni, en hann var þá ekki heima, og til þess að fyrirbyggja allan misskilning fór ég að tala um hestana við frúna, til að henni væri kunnugt um, að hann væri að selja hestana. Ég spurði hana, hvort það væri ekki alveg á hreinu, að hestarnir yrðu að staðgreiðast. Hún sagði það vera, því verðið væri samkvæmt því. Ég spurði hana, hvort ég ætti þá ekki að koma og borga hestana, og hún sagði, að það væri ósköp gott, en Hákon væri ekki kominn heim, en kæmi fljótlega. Síðan hringdi ég um kvöldið, og þá var Hákon kominn heim, svo ég gekk til hans. Hann bauð mér í kaffi, og við settumst inn í stofu, og ég greiddi honum hestana með tékka og lausum peningum. Ég var búinn að skrifa kvittun fyrir kaupunum, sem Hákon skrifaði undir, eða hvort ég skrifaði hana á staðnum. Man ég ekki, hvort var. Síðan röbbuðum við saman, kvöddumst, og ég fór, en Hákon sagði við mig, að hann ætlaði að koma í hesthús mitt seinna, líta á hestana og að fylgjast með þeim, og sagði ég það velkomið.

Svo gerðist það, að ég seldi annan klárinn. Næst skeði það, að ég kom í hesthúsið í gær í kringum kl. 19.00 og sá það, að það var búið að brjóta inn í stíuna til hestanna minna. Brjóta niður milligerðir úr timbri og spýtunum hent í bása hinna hestanna, sem eftir voru, með naglana út í loftið. Ég fór til manna, sem einnig eru þarna með hesta, og spurði, hvort þeir hefðu orðið varir við hestaþjófa, því tveir af hestum mínum voru horfnir, en það var merin og hinn kláriinn, sem ég keypti af Hákonni, en beislin og hnakkurinn er geymt heima hjá mér. Mennirnir sögðust hafa farið inn í hús til mín kl. 09.00 þennan morgunn og þá séð, að hestarnir voru horfnir, og héldu, að ég hefði tekið þá. Ég fór þá beint inn í lögreglustöðina í Árbæ og tilkynnti þjófnad á tveim hestum og benti þeim á mann, sem er þarna með mér í húsi, eða Skafta Guðjónsson, og sagði, að trúlega myndi hann vita eitthvað um þetta, þar sem dóttir hans og vinkona hennar hefðu aðgang að nota mína hesta.“

Vitnið Hákon Birgir Sigurjónsson, Haukshólum 6, gaf skýrslu hjá RLR þ. 20. mars 1981 og kom fyrir dóm þ. 10. júní sl. Vitnið skýrði þannig frá: „Ég hafði í hyggju að selja tvo hesta, sem ég átti, m. a. auglýsti ég þá. Kunningi minn Hjörleifur Þórlindsson, Haukshólum 9, kom mér í samband við Skafta Guðjónsson, Hjaltabakka 28, Rvk., með það fyrir augum, að Skafti ætti viðskipti við mig vegna hestanna.

S.l. fimmtudagskvöld, að því er mig fastlega minnir, hringdi ég heim til Skafta. Hann tók þessum viðskiptum ekki ólíklega. Hann hafði hug á að líta á hestana, og benti ég honum þá á, að þeir væru ekki ósjaldan utandyra hesthúss þess, þar sem ég hefði aðstöðu til að geyma þá, en húsið er á mótum Reykjanesbrautar og Smiðjuvegur.

Næst hringir Hjörleifur í mig s.l. sunnudag og skýrði mér frá því, að Skafti hefði verið að ljúka samtali við hann, og biður mig um að vera kl. 09.00 í umræddu hesthúsi, en þar ætlaði Skafti að mæta einnig.

Ég var til staðar á tilteknum tíma, og kom þar þá fyrst maður, sem ég spurði, hvort væri Skafti, en hann kvað svo ekki vera. Þessi maður kynnti sig síðar sem Trausta Tómasson, Vesturbergi 147, Rvk. Drukkinn maður fylgdi á eftir Trausta, og kynnti hann sig sem Skafta Guðjónsson. Skafti byrjar strax að prúttu um kaupverð hestanna og tók strax fram, að hann vildi kaupa þriðja hestinn af mér. Þegar verðið var kr. 7000 eða 7500, gripur Skafti í höndina á mér og hækkaði boðið, en þá greip Trausti inn í og sagði „ertu vitlaus maður að hækka boðið, þegar farið hefur fram handsal“. Þá segir Skafti eitthvað á þá leið, ég ætla ekki að fara að svíkja neinn eða blekkja. Þá nefndi Skafti töluna kr. 8000 og sagðist ekki fara hærra og átti þá að fylgja í kaupunum einn hnakkur og tvö beisli.

Þetta ætlaði Skafti að staðgreiða. Skafti sagði, að erindi Trausta þarna

á staðnum væri að aka fyrir sig hrossunum, en Trausti hafði komið á sendibíl. Með Trausta var ungur sonur hans, eða svo sagði hann.

Þegar við vorum búnir að beisla, sagði Skafti: „hvernig í andskotanum á ég að fara að greiða hestana“, og lét fylgja, hvort hann mætti ekki setja kaupverðið á vixil með gjalddaga eftir mánuð. Þar sem Skafti var undir áfengisáhrifum, sagði ég honum, að við skyldum ræðast við á morgun eða þriðjudaginn.

Þarna tók Trausti mig afsíðis, hann vildi augsýnilega ekki láta Skafta heyra, hvað hann hafði í hyggju að segja mér, og sagði, að í raun væri það hann, Trausti, sem væri að kaupa hestana, en Skafti vildi láta líta svo út sem hann, Skafti, væri að kaupa hestana, ástæða fyrir því væri, að Skafti þættist meiri af. Trausti sagði einnig, að Skafti ætti enga peninga og gæti því ekki greitt hestana. Ég brást enga veginn við þessu. Með svo búíð voru hestarnir fluttir brott og hefi ég ekki séð þá síðan eða reiðtygin, sem ég lét með þeim. Sem kaupanda að hestunum lánaði ég Skafta eitt beisli, en það beisli er í eigu Hjörleifs, kunningja míns.

Það næsta, sem skeði í þessu máli, var það, að þegar ég kom heim til mín á sunnudagskvöldið, lágu skilaboð til mín um að hringja í ákveðið símanúmer, sem reyndist vera heima hjá Trausta. Ég hringdi í Trausta, sem þá margítreaði, að hann, Trausti, væri kaupandinn að hestunum, og vildi hann þegar koma til mín og staðgreiða kaupverðið. Fyrst að svona var í pottinn búíð, sagði ég honum, að hann væri velkominn, og tók ég orð hans trúanleg.

Trausti kom um kl. 22.00 heim til mín og greiddi kaupverðið. Þarna kynnti ég honum kyn hestanna, eða það sem ég vissi þar að lútandi. Þarna stend ég í þeirri meiningu, að það sé Trausti, sem sé að kaupa af mér hestana, Trausti hafði meðferðis handskrifað afsal, það sama og liggur hér frammi og mér hefur verið sýnt í ljósriti. Þar þekki ég undirskrift mína.

Trausti greiddi mér með tékka að fjárhæð kr. 6000 og kr. 2000 í reiðufé. Trausti hafði þann fyrirvara með tékkann, að innistæða væri ekki fyrir fjárhæð hans fyrr en 25. s. m., en það var útgáfudagsetning tékkans. Tékkinn var stílaður á Trausta og ábektur af honum. Hann kvaðst hafa fengið tékkann í hrossakaupum. Trausti lofaði að skila lánsbeislinu, en hann kvaðst hafa gleymt að koma með það.

Daginn eftir hringdi Trausti heim til mín, og varð eiginkona mín fyrir svörum, hann bað um skilaboð til mín þess efnis, að ég léti Skafta ekki vita af því, að hann, Trausti, hefði greitt kaupverð hestanna, nema ef Skafti ætlaði að greiða hestana, en þá átti ég að láta hann vita, hvernig málin stæðu.

Rétt eftir að mér bárust þessi skilaboð, hringdi síminn, og var Skafti í símanum og spurði, hvort ég hefði talað við Trausta. Ég sagði honum

eins og var, að Trausti væri búinn að greiða kaupverðið. Skafti kvaðst hafa verið farinn að gruna Trausta um græsku. Þarna sagði Skafti, að það hefði verið hann, sem hefði ætlað að vera kaupandinn, annað hefði aldrei komið til tals á milli hans og Trausta. Þarna taldi Skafti sig hafa verið svikinn af Trausta.“

Vitnið gerði þær athugasemdir við framburð ákærða, að ekki væri rétt, að ákærði hafi hringt í vitnið, heldur hafi Hjörleifur hringt, eftir að Skafti hringdi til hans. Þá kvaðst vitnið aldrei hafa sagt „ég sel þessum manni ekki neina hesta“. Loks kvað vitnið það aldrei hafa komið til tals á staðnum, að ákærði staðgreiddi hestana um eftirmiðdaginn.

Vitnið Einar Gunnar Óskar Óskarsson gaf skýrslu hjá RLR þ. 25. mars 1981 og kom fyrir dóm þ. 17. maí sl. Vitnið skýrði svo frá: „Ég held, að það hafi verið einum til tveim dögum áður en hestarnir komi inn í hús til þeirra Skafta og Trausta, að við Þröstur Gunnarsson vorum staddir í anddyrinu á hesthúsi Þratar í Hátúni við Norðlingabraut.

Skafti Einar Guðjónsson kom þar þá og fór að segja okkur frá þrem hestum og reiðtygjum, sem hægt væri að fá keypt fyrir kr. 8.000.00. Sagði Skafti, að það væri lögreglumaður, vinur sinn, sem væri að selja þessa hesta. Skafti spurði okkur að því, hvort við vildum ganga inn í kaup á þessum hrossum, þannig að hann geti reddað okkur þessum hrossum fyrir kr. 8.000.00. Skafti ætlaði síðan að kanna með þetta frekar. Mig minnir, að Þröstur hafi sagt við Skafta að láta sig vita, ef af þessu yrði. Ég tók þetta þó meira sem grín, þar sem verðið var það lítið.“

Fyrir dómi bar vitnið jafnframt, að Skafti hafi sjálfur ætlað að kaupa hestana.

Vitnið Þröstur Gunnarsson gaf skýrslu hjá RLR þ. 25. mars 1981. Vitnið kom ekki fyrir dóm. Vitnið skýrði svo frá: „Það var þannig, að Skafti Einar Guðjónsson bauð mér til sölu þrjá hesta, sem hann sagði, að kunningi sinn vildi selja. Þegar þetta var, þá voru hestarnir ekki komnir í hesthúsið til Skafta og Trausta. Þetta hefur verið um tveim til þrem dögum áður.

Við Einar Gunnar vorum staddir í hesthúsinu mínu, í dyrunum, þegar Skafti bauð mér hestana. Skafti sagði, að hægt væri að fá alla þessa hesta fyrir kr. 8000.00. Skafti bauð okkur að kaupa þessa hesta, ef hann myndi ekki kaupa þá sjálfur. Ég bað Skafta þá um að láta Trausta ekki vita af þessu, því að Trausti er aðal hestakóngurinn þarna og vitað, að hann ætti nægilega peninga.

Síðan frétti ég af því, að Trausti væri búinn að kaupa hestana, og m. a. sýndi hann mér afsal fyrir kaupunum. Kunningi minn — Magnús Jónsson, Meltungu — hafði síðan áhuga á því að kaupa bleikskjótta hestinn af Trausta og ætlaði að kaupa hann af Trausta á kr. 8.000.00. Við hittum

síðan Skafta þarna upp frá, þegar við vorum að taka bleikskjótta hestinn. Ég sagði Skafta, að við værum búnir að kaupa bleikskjótta hestinn fyrir kr. 8.000.00 af Trausta. Skafti sagðist þá sjálfur hafa keypt hestana. Þegar hér var komið, þá gengum við til baka með þessi kaup. Hinsvegar fréttum við af því síðar, að Trausti hafi látið þennan sama hest í skiptum fyrir annan hest við mann suður með sjó.

Ég er öruggur á því, að það var daginn eftir að hestarnir komi í hest-húsið, að Magnús Jónsson ætlaði að kaupa bleikskjótta hestinn.

Skafti sagði það, að hann hafi keypt hestana af þessum kunningja sínum, sem upphaflega hafi verið að selja þá.“

Vitnið Skafti hefur gefið þá skýringu á þessum framburðum, að þetta hafi verið sagt í hálfkæringi og ekkert þá verið ákveðið.

Vitnið Guðmundur Kristinn Guðmundsson gaf skýrslu hjá RLR þ. 25. mars 1981. Vitnið skýrði svo frá:

„Skafti Guðjónsson hringdi í mig á mánudagsmorguninn 16. þ. m., en ég er með einn fola í tamningu fyrir hann. Skafti sagði mér, að hann hafi deginum áður keypt 3 hross af einhverjum rannsóknarlögreglumanni. Sagði Skafti mér, að Trausti hafi sagt sér, að Skafti hafi gert meiri vitleysuna með kaupum á þessum hrossum, þar sem Trausti hafi viljað meina, að það gæti verið erfitt að selja hrossin aftur.

Ég fór síðan þarna á mánudeginum með Skafta og skoðaði hrossinn, og virtist mér vera um ágætis hross að ræða. Ég spurði Skafta að því, hvort hann myndi ekki vilja selja mér rauðstjörnötta folann, og sagði Skafti, að það gæti komið til greina. Ekki var neitt ákveðið með verð né annað.

Skafti hringdi síðan til mín á mánudagskvöldið og var þá frekar daufur. Sagði Skafti, að Trausti hafi farið á bak við sig þannig, að Trausti hafi farið til Hákonar Sigurjónssonar og sagt þá báða standa að þessum kaupum, sem Skafti sagði ekki vera rétt, þar sem Skafti taldi sig vera að kaupa hestana af Hákonni.“

Vitnið Hjörleifur Þórlindsson gaf skýrslu hjá RLR þ. 31. mars 1981 og kom fyrir dóm þ. 17. maí sl. Vitnið skýrði svo frá: „Hákon Sigurjónsson er nágranni minn og hefur fengið að vera með hrossin sín í hesthúsinu hjá mér. Hákon auglýsti hrossin til sölu, og upp úr því sagði Hákon mér frá því, að það væri einhver maður þarna uppi í Holti, sem verslar með hross. Ég sagði þá, það skyldi þá ekki vera hann Skafti.

Ég hringdi síðan í Skafta og spurði hann um það, hvort hann keypti hross. Skafti sagði það vera, og ég hafði þá samband við Hákon og sagði honum frá þessu.

Síðan skeður það um kl. 0900 á sunnudagsmorgni hringdi Skafti til mín og sagðist vera tilbúnn til að skoða hrossin hjá Hákonni. Ég gaf Skafta þá

upp nafnið á Hákonni og upplýsingar um, hvar hægt væri að ná í hann.“

Dómarinn hefur aflað sér upplýsinga um það, að Skafti Einar Guðjónsson hafi greitt Hákonni andvirði hestanna, en greiðsla sú, er ákærði innti af höndum, sé honum til reiðu á skrifstofu Gísla Baldurs Garðarssonar héraðsdómslögmanns.

Dómaranum hefur borist skaðabótakrafa frá Skafta, er sundurliðast þannig:

Andvirði hests	kr. 4.500.00
Hnakkur og 2 beisli	— 1.000.00
Kostnaður við lögfræðiaðstoð	— 4.500.00
	<hr/>
Samtals	kr. 10.000.00

Niðurstöður.

Í máli þessu er upplýst, að Skafti Einar Guðjónsson samdi sjálfur um kaup á hestunum af Hákonni, og voru honum handsalaðir hestarnir að ákærða viðstöddum. Ákærði hefur borið, að Skafti hafi í raun boðið í hestana fyrir ákærða, sem hafi ætlað að kaupa hestana. Skafti hefur þverneitað þessu, og fær framburður hans stoð í framburðum vitna í máli þessu. Að vísu benda framburðir vitnanna Einars Gunnars Óskars Óskarssonar og Þrastar Gunnarssonar til þess, að Skafti hafi boðið þeim að ganga inn í kaupin á hrossunum, en Skafti hefur gefið þá skýringu, að þetta hafi verið sagt í hálfkæringi og ekkert hafi verið ákveðið á því stigi. Einnig verður að telja ólíklegt, að ákærði, sem samkvæmt gögnum málsins er vanur hestamaður, hafi látið drukkinn mann semja fyrir sig um hestakaupin.

Þegar allt framanritað er virt, verður að telja sannað, að ákærði hafi með blekkingum fengið Hákon Birgi til að undirrita afsal til ákærða fyrir hestunum. Varðar brot ákærða við 248. gr., sbr. 261. gr. almennra hegningarlaga, þar sem upplýst er, að ákærði greiddi hestana að fullu, og því ósannað, að brot hans hafi verið framið í auðgunarskyni.

Ákærði hafði selt einn hestanna, er rannsókn málsins hófst, og jafnframt tók hann í sínar vörslur hnakk og tvö beisli. Ekki hafa verið lögð fram gögn um verðmæti þessara hluta og hestsins, en dæma ber ákærða til greiðslu skaðabóta til Skafta Einars Guðjónssonar, er þykja hæfilega metnar kr. 4.000.00.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann fram til ársins 1967 7 sinnum sæst á sektargreiðslur, aðallega fyrir áfengis- og umferðarlagabrot.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 33. gr. áfengislaga og 248. gr., sbr. 261. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga vaðhald. Þar sem ákærði hefur ekki áður gerst sekur um hegningarlagabrot, þykir mega ákveða, að

fullnustu refsingar ákærða skuli fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Trausti Tómasson sæti varðhaldi í 15 daga.

Fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði í ríkissjóð vegna lögreglunnar í Hafnarfirði kr. 272.95 í skaðabætur.

Ákærði greiði Skafta Einari Guðjónssyni kr. 4.000.00 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 16. maí 1983.

Nr. 2/1981. **Anna Þorbjörg Kristjánsdóttir**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

K. J. Steingrímssyni s/f

(Agnar Gústafsson hrl.).

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1981. Hann gerir þær dómkröfur, að kröfur stefnda í aðalsök í hérði verði lækkaður, en í gagnsök í héraði verði stefndi dæmdur til að greiða honum aðallega 29.198.00 krónur með dómvöxtum frá þingfestingardegi til greiðsludags, en til vara aðra fjárhæð að mati Hæstaréttar. Enn fremur verði stefndi dæmdur til að gefa út afsal til áfrýjanda fyrir 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í norðurenda